

Ed.

24. Frumvarp til laga

[24. mál]

um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 4½ milljón króna lán og verja fénu til aðstoðar bændum á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og óafturkræft framlag til hey- og fóðurkaupa á þetta svæði samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður, hverjum skuli falið að úthluta fé því, sem um ræðir í 1. gr., og setur nánari ákvæði um framkvæmd laganna og hverjir skuli annast afgreiðslu þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

FORSETI ÍSLANDS

Gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu. sé hefyngur bænda langtum minni en í meðalári, bæði að vöxtum og gæðum, og víða svo lélegur, að þess séu ekki dæmi. Sé því aðsætt, að fjöldi bænda verði að skerða bústofn sinn til mikilla muna, ef þeir fá ekki aðstöðu til að afla sér fóðurbætis og sums staðar heyja.

Á þessu svæði eru einnig þær sveitir, sem harðast urðu úti í vorharðindunum 1949. Til þess að forða neyðarástandi á þessum slóðum og stórfelldum niðurskurði bústofsins verði ekki komið hjá því, að ríkissjóður veiti skjóta aðstoð, eftir því sem tæk eru á.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 4½ milljón króna lán og verja fénu til aðstoðar bændum á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og óafturkræft framlag til hey- og fóðurkaupa á þetta svæði samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður, hverjum skuli falið að úthluta fé því, sem um ræðir í 1. gr., og setur nánari ákvæði um framkvæmd laganna og hverjir skuli annast afgreiðslu þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. október 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.